



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. september
2009
EBI/hó

Efni. Umsögn um:

Þskj. 241 — 147. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)
Tilv. 2008040009

Bændasamtök Íslands gera svofelldar athugasemdir við frumvarpið.

1. Vísað er til fyrri umsagna BÍ um frumvörp sama efnis frá 11. september 2008 og 11. mars 2009 með fylgiskjölum.
2. Við 32. gr frumvarps er varðar breytingu á 10. gr laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim þarf að bæta inn banni við innflutningi á hráum eggjum og ógerilsneiddum eggjamassa, ógerilsneiddri mjólk eða vörum unnum úr henni og óhitameðhöndlaðri gróðurmold en þessi atriði eru tilgreind í gildandi lögum. Þá þarf að tilgreina áfram sérstaklega ósótthreinsuð skinn og húðir, dýrahár, ull, fiður, fjaðrir og dún, blóð og blóðafurðir, hverskonar óhreinsaðan fatnað sem komist hefur í snertingu við dýr og fôðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð. Nauðsynlegt er að telja þessi atriði upp í 32. gr. fremur en að tiltaka þau í athugasemdum, en um rökstuðning er vísað til fyrri umsagna og fylgigagna, t.d. í umsögn Lagastofnunar háskólans varðandi sjúkdómastöðu búfjár. Rökstuðningurinn er þannig sá sami og fyrir hrátt ófrosið kjöt. Við leggjum einnig til að 13. gr EES samningsins sé með skýrari hætti nefnd sem varnarákvæði í athugasemdum við 32. gr. frumvarpsins. (Taka skal fram að ofangreint hindrar ekki innflutning á frjóeggjum til kynbóta. Undanþáguákvæði hvað það varðar er efnislega óbreytt).

3. Vísað er til ályktana Búnaðarþings um heilbrigðisþjónustu við dýr. Í ályktun Búnaðarþings 2008 segir: “Búnaðarþing 2008 skorar á ríkisvaldið að leggja fram fjármagn til að tryggja dýralæknaþjónustu á strjálbýlum svæðum svo allir dýraeigendur landsins hafi aðgang að þjónustu dýralækna. Greinargerð: Þegar endanlegur aðskilnaður eftirlits og almennrar dýralæknaþjónustu verður að veruleika er nauðsynlegt að tryggja þjónustubáttinn á svæðum sem eru of fámenn til þess að sjálfstætt starfandi dýralæknar sjái sér hag í að bjóða þar fram þjónustu sína. Nauðsynlegt er að hið opinbera leggi fram fé til að tryggja fullnægjandi þjónustu og dýravelferð á þessum svæðum.” Með hliðsjón af þessari ályktun skal tekið er undir það sem fram kemur í umsögn dýralæknafélagsins um frumvarp það sem hér er til umfjöllunar þar sem segir: „Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á rétt dýra og dýraeigenda til aðgangs að sólarhringsþjónustu dýralækna um land allt, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra og bregðast við ef grunur vaknar um skæða smitsjúkdóma eða atvik er varða ímynd landbúnaðar og matvælavinnslu.“
4. Bændasamtök Íslands leggja sérstaka áherslu á að íþyngjandi gjaldtöku sé stillt sem mest í hóf og að sá vilji komi fram í athugasemdum með frumvarpi.
5. Að þessu úr bættu leggjast Bændasamtökin ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Eiríkur Blöndal